

BEIÐNI UM FLÝTILOSUN LAUSAVÖRUSENDINGAR, LCL



Undirritaður viðskiptamaður óskar hér með eftir að fá neðangreinda lausavörusendingu (LCL) afhenta hið fyrsta og biður Eimskip um að setja gám/gáma sem sendingin var flutt í til flýtilosunar. Viðskiptamaður greiðir fyrir þessa þjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá Eimskips.

LCL gámur (FCL/LCL eða LCL/LCL) verður settur í flýtilosun þegar undirrituð beiðni hefur verið móttækin á pappír, faxi eða í tölvupósti. Eimskip tekur að sér að losa vörusendinguna úr gámi/gámum innan 24 klst. frá því að beiðni um flýtilosun berst, að því tilskyldu að gámur sé kominn í land úr skipi. Afhending getur í framhaldinu farið fram þegar tollafgreiðsla er lokið og flutningaþjónustugjöld hafa verið greidd.

Söluþöntun nr.

Viðskiptamaður

Kennitala

Símanúmer og tölvupóstfang

- Ég óska eftir að Eimskip sjái um tollskjalagerð vegna ofangreindrar sendingar. Vinsamlegast sendið gögn vegna tollskjalagerðar með beiðninni.
- Ég óska eftir að Eimskip sjái um heimakstur vegna ofangreindrar sendingar.

Vörumóttakanda eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur tæmingu, enda er tæming framkvæmd á hans ábyrgð. Viðskiptamaður heldur Eimskip skaðlausu af hvers konar tapi eða skemmdum sem kunna að verða.

Geymslugjöld reiknast samkvæmt gjaldskrá Eimskips á vöru sem er losuð er úr LCL gámi og sett í geymslu á vegum Eimskips. Eimskip ber ekki ábyrgð á vöru meðan hún er í geymslum félagsins, inni eða úti, fyrir lestun í eða eftir losun úr flutningsfari. Vara er geymd að öllu leyti á áhættu viðskiptamanns, þannig að félagið getur ekki bætt fyrir tap eða skemmdir af völdum frosts, bruna, rýrnunar eða hvers konar annars tjóns sem fyrir kann að koma, hvort sem um er að ræða beint, óbeint eða afleitt tjón.

Eimskip ber hvorki ábyrgð á beinu né óbeinu eða afleiddu tjóni viðskiptamanns eða annarra sem hlýst af því að þjónustan er ekki framkvæmd í samræmi við beiðni þessa. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að verja, bæta og halda Eimskip skaðlausu gegn sérhverju tapi, skemmdum, ábyrgð eða kostnaði sem félagið verður fyrir vegna framkvæmdar þjónustu í samræmi við beiðni þessa.

Um þjónustu og verk sem Eimskip tekur að sér gilda siglingalög nr. 34/1985, flutningsskilmálar Eimskips, almennir þjónustuskilmálar SVP (Samtök verslunar & þjónustu) og aðrir viðeigandi skilmálar, en skilmálar þessir marka réttarstöðu viðskiptamanna gagnvart Eimskip. Viðskiptamenn eru hvattir til að kynna sér skilmálana á www.eimskip.is.

Vinsamlega sendið beiðnina undirritaða til Viðskiptaþjónustu Eimskips í faxnúmer **525 7269** eða sendið skannað í tölvupósti á netfang cci@eimskip.is.

Dags.

f.h. Viðskiptamanns